



Alþingi  
Erindi nr. P/30/2286  
komudagur 3.5.2004

Landbúnaðarnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. apríl 2004  
SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. máli og frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, 879. mál**

Tilv: 2004040027

Bændasamtökum Íslands hafa borist ofangreind frumvörp til umsagnar, sbr. bréf landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 20. apríl sl.

Stjórn samtakanna hefur fjallað um frumvörpin, lýsir ánægju með markmiðin og leggur engar breytingar til. Stjórnin bendir hins vegar á, að það sé tæplega raunhæft, sem fram kemur í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins, að sameining RALA og LBH hafi engan kostnað í för með sér. Sameiningin mun óhjákvæmilega kosta útgjöld meðan hún gengur yfir, sem nauðsynlegt er að geta mætt til þess að ekki bitni á starfsemi stofnananna. Þar við bætist, að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri á í fjárhagserfiðleikum vegna aukinnar starfsemi sem ekki hefur verið tekið tillit til við fjárveitingar. Stjórn Bændasamtaka Íslands leggur þunga áherslu á, að vel verði búið að nýrri stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands, þannig að hann geti staðið undir nafni sem þekkingar- og fræðamiðstöð landbúnaðarins til framtíðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurður Þorgeirsson